



Borgarráð

Reykjavík, 3. júní 2025

MSS25060015

Skipun starfshóps um umbætur í kjölfar heildarúttektar á leikskólanum Brákarborg

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela borgarstjóra að skipa starfshóp sem vinnur að umbótum í ljósi ábendinga Innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar á hönnun, framkvæmdum og eftirliti á leikskólanum Brákarborg. Hópurinn skal skila tímasettri áætlun, áfangamati og tillögum um hvernig eftirfylgni skuli háttað með hönnun, framkvæmdum og eftirliti með framkvæmdum á vegum Reykjavíkurborgar. Þrír starfsmenn skulu skipa hópinn og skal sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs skipa tvo fulltrúa (einn frá eignaskrifstofu) og sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs skipar einn fulltrúa. Markmið með vinnu starfshópsins er að tryggja umbætur, aukna fagmennsku, öryggi og ábyrgð í framkvæmdum, draga úr kostnaðaráhættu, tryggja rekjanleika og bæta eftirlit og áhættumat með skilvirkara stjórnskipulagi.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík